

782. stjórnarfundur UMSE haldinn í Búgarði mánudaginn 14.maí. 2018 kl. 17:45

Mættir eru: Sigurður, Ásdís, Kristlaug, Björgvin, Einar, Hólmfríður, Edda, Þorgerður.

Forföll: Guðrún.

1. Fundur settur.

Sigurður setti fundinn kl 17:45

2. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir bárust um fundargerð síðasta fundar og telst hún því samþykkt.

3.Innsend bréf.

- Bréf frá ÍSÍ dagsett 26.apríl um það sem hefur verið gert í METOO byltingunni. Stofnuð hefur verið nefnd sem á að skila af sér aðgerðum til að sporna við kynferðisafbrotum innan íþróttta. Einnig að fara betur yfir það hvernig eigi að bregðast við ef einstaklingur verður fyrir kynferðisafbroti. Búa á til hnapp inn á heimasíðunni sem að leiðbeinir félögum hvernig bregðast eigi við. Lagt fram til kynningar

4. Styrkumsóknir.

- Bridgelið UMF. Þorsteinn Svörfuður
Sótt er um styrk á mótí skráningargjöldum vegna þátttökugjalda á Íslandsmóti í Bridge sem haldið var í apríl.
Þessari beiðni hafnað að svo stöddu.
- Golfklúbbur Dalvíkur
Sótt er um hópumsókn vegna æfingarferðar ungmenna til Spánar.
Afgreiðslu þessarar umsóknar frestað til næsta fundar þar sem frestur til að sækja um úr ferðasjóðnum rennur út 31. maí nk.

5. Mál

- Staða á skilum í Felix
Skil eru að hafast, aðeins tvö aðildarfélög eftir að skila.

- Porvaldsdalsskokkið
Það er byrjað að auglýsa skokkið, skráning fer vel af stað. Skokkið er 7. júlí nk. Porvaldsdalsskokkið er elsta utanvega hlaup á Íslandi og á 25 ára afmæli í ár. Ásdís ætlar að fara í fyrirtæki og athuga með hvort að þau vilji styrkja skokkið í ár, einnig að heyra í N4 og athuga með að auglýsa skokkið þar.
- Landsmót
Sigurður og Ásdís fóru á vörfund UMFÍ þar sem Landsmótssvæðið var skoðað. Þetta lítur allt vel út. Búið er að breyta tilhögun á landsmótinu frá því sem áður var. Þetta er líkara íþróttahátíð heldur en keppni þó svo að Meistaramót Íslands sé sett inn í þetta. Búið er að taka eitthvað af starfsgreinum út sem að hafa verið lengi. UMFÍ leggur áherslu á að breiða út boðskapinn um að þetta sé íþróttahátíð og hvetja alla til að taka þátt.
- Unglingalandsmót
Verður haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina. Ásdís hefur aðeins verið að hafa samband við aðildarfélög til að kynna ULM en eitthvað verið dræm viðbrögð frá aðildarfélögum. Einnig hefur verið haft samband við grunnskóla á svæðinu.
- Starf eldri aldurshópa hjá félögum
Kom könnun frá UMFÍ um starf hjá eldri aldushópum hjá aðildarfélögum, hvað sé verið að gera sérstaklega og hvað sé verið að gera í hinu hefðbundna starfi. Búið er að svara könnunni.
- Hvaða ársþing eigum við að leggja áherslu á að aðildarfélögin fari á.
Ef að íþrótt er stunduð innan félagsins þá er mjög sniðugt að það fari fulltrúi á ársþing til að fylgjast með því sem er að gerast innan hvers sérsambands.
- Vantar okkur fleiri nefndir til að virkja
Engar nefndir eru virkar nema frjálsíþróttanefndin. Þarf ekki endilega að fjölga þeim en frekar að breyta þeim.
Frekari umræðu frestað þar til á næsta fundi.
- Styrkir sem við fengum frá UMFÍ úr fræðslu- og verkefnasjóði.
Sótt var um styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði og fékkst styrkur fyrir að halda námskeið í Nóra sem er félagakerfi og eins og Felix. Einnig fékkst styrkur vegna stafgöngukennslu og svo fékkst styrkur til að halda sameiginlegar æfingabúðir.

- Hreyfivika UMFÍ
Hreyfivika er að byrja í endaðan maí. Hvetjum aðildarfélög og sveitarfélög til að vera með.
- Blómasala
Er dræm þetta árið. Þrjú félög selja blóm þetta árið.

6. Önnur mál.

Fyrirspurn frá Björgvin um tryggingamál, hvernig þau eru. Félögin eiga að tryggja sjálf líka. Fór erindi til ÍSÍ, þarf að skoða það betur. Iðkandi er alltaf tryggður hjá aðildarfélagi á meðan æfingu stendur í gegnum UMSE við meiri háttar slysi. Ásdís ætlar að athuga þetta hjá ÍSÍ.

7. Tilhögun næsta fundar.

Mánudagar virðast henta ágætlega fyrir stjórnarmeðlimi. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 4. júní nk. Kl 18:15. Einar kemur með veitingar.

8. Fundarslit.

Sigurður sleit fundi kl 19:29.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Sigurður Eiríksson, formaður.